



AÐFERÐIR VIÐ MAT Á LANDSLAGI

Ólafur Árnason

Markmið

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá yfirlit yfir þær aðferðir sem notaðar eru erlendis við mat á gildi landslags og mat á áhrifum á landslag af völdum framkvæmda, sem á að geta nýst við þróun slíkrar aðferðarfræði á Íslandi. Eftirfarandi markmið voru sett í upphafi rannsóknarinnar til að komast að þessari niðurstöðu:

- Að safna upplýsingum um það vinnulag sem tíðkast við mat á áhrifum framkvæmda á landslag í löndum sem vinna eftir hliðstæðu kerfi við mat á umhverfisáhrifum og á Íslandi.
- Að safna upplýsingum um aðrar aðferðir sem beitt er við mat á gildi landslags sem nýst gæti við mat á umhverfisáhrifum.
- Að taka saman árangur þessara aðferða og hverjar þeirra séu líklegar til að henta íslenskum aðstæðum.

Framkvæmd

Ákveðið var að horfa til þjóða sem vinna eftir hliðstæðu kerfi við mat á umhverfisáhrifum og hér á Ísland, þ.e. lönd sem byggja lagaramma sinn á tilskipunum Evrópusambandsins nr. 85/337/EBE og nr. 97/11/EB og ríki þar sem hliðstæður matsferil er fyrir. Þau ríki sem aflað var gagna frá eru: Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Nýja Sjáland, Suður Afríka, Bretland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Þýskaland, Austurríki, Holland og Spánn.

Aflað var gagna um útgefnar leiðbeiningar við mat á gildi landslags, rýnt í matsskýrslur og tímaritsgreinar og rætt við aðila sem vinna að þessum málum í rannsóknarlöndunum. Í skýrslunni er fjallað um hugtakanotkun í mati á landslagi, á almennan hátt um þróun á aðferðum við mat á landslagi á síðustu árum og mismunandi nálganir að viðfangsefninu. Í skýrslunni er aðferðunum skipt í flokka eftir einkennum þeirra og áherslum. Hverjum flokki er lýst almennt og svo fjallað ítarlegar um aðferðir sem þykja dæmigerðar fyrir hverja nálgun.

Niðurstöður

Erlendis gildir það sama um aðferðir við mat á landslagi eins og aðra umhverfisþætti; föst hefð er komin á notkun ákveðinna aðferða. Aðferðaráherslur eru þó nokkuð mismunandi á milli landa og leiddi samantektin í ljós að um auðugan garð er að gresja á alþjóðavettvangi. Aðferðagrunnur sem hefur verið í þróun erlendis um margra ára skeið, og mikilvæg reynsla er komin á, er ómissandi grunnur fyrir áframhaldandi vinnu við þetta viðfangsefni hér á landi.

Að samantekt lokinni voru niðurstöður kynntar faghópi sem komið hefur að landslagsmálum með einum eða öðrum hætti. Við umfjöllun um niðurstöður og mat á hentugleika mismunandi aðferða fyrir íslenskar aðstæður voru niðurstöður þessa hóps notaðar auk reynslu á alþjóðavísu, bæði í gegnum viðtöl við ráðgjafa erlendis og rýni í tímaritsgreinar. Þessi umfjöllun gaf mikilvægar vísbendingar um þau atriði sem leggja þarf áherslu á í frekari vinnu við aðferðarþróun í mati á áhrifum framkvæmda á landslag hér á landi.



Línuhönnun
verkfræðistofa

...á vili gæðna vorara